

Minnisblað

Dreifnámsdeildir í Norðvesturkjördæmi

3. maí 2022

Um nokkurt skeið hafa verið starfræktar fjórar dreifnámsdeildir í Norðvesturkjördæmi. Hefur þessi þjónusta mælst afar vel fyrir þar sem hún gefur ungmennum tækifæri til að vera lengur heima að grunnskólagöngu lokinni. Fyrirkomulagið eykur líkur á því að börn fari í framhaldsskóla og hefur jafnframt leitt til þess að ungmenni, sem hafa flosnað upp úr námi, hafi hafið nám að nýju. Auk þessa eykur lengri dvöl heima í héraði líkur á því að ungmennin komi til baka að námi loknu. Til viðbótar við ávinning nemenda hefur rekstur dreifnámsdeildanna eftt þá skóla sem þær reka, þ.e. Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra og Framhaldsskóla Snæfellinga en nemendur fara reglulega í skólana yfir veturinn til að sitja tíma og taka þátt í félagslífi. Á einum stað eru nemendur einnig kjarni þeirra sem nýta almennings-samgöngur sem sveitarfélögin niðurgreiða myndarlega. Spurning er hvort þeirri þjónustu væri hægt að halda úti væri dreifnámsdeildin ekki til staðar. Framboð náms sem þessa er auk þess lykiltríði í að hækka menntunarstig í kjördæminu sem er með því lægsta á landinu. Samfélagslegur ávinningur af starfsemi er því margþættur.

Frá upphafi hafa sveitarfélögin greitt með þessari starfsemi, mis mikið eftir deildum. Þær greiðslur standa m.a. undir tækjakaupum, húsaleigu, þrifum á húsnæði og hreinlætisvörum, netáskriftum, fargjöldum yfir nemendur til námslota í viðkomandi skóla, niðurgreiðslu á hádegisverði fyrir nemendur o.s.frv¹.

Rekstur framhaldsskóla er lögbundið hlutverk hins opinbera. Það skýtur því skökku við að lítil sveitarfélög þurfi, svo árum saman, að standa straum af kostnaði sem hið opinbera á með réttu að bera. Með því er verið að auka álögur á þessi sveitarfélög umfram önnur þar sem framhaldsskólar eru til staðar. Til að gæta jafnræðis er mikilvægt að stutt verði við þessa mikilvægu starfsemi með framlögum frá ríkinu í stað framlaga sveitarfélaganna. Með því móti er þessi mikilvæga starfsemi fest enn frekar í sessi.

Samantekt framlaga sveitarfélaganna til dreifnámsdeilda

Dreifnámsdeild á Blönduósi

Frá Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra. Stofnuð árið 2014. Frá upphafi hafa sveitarfélögin í A-Hún greitt með starfsemi um 7 milljónir króna ár ári í gegnum Byggðasamlag um félags- og skólþjónustu. Samtals á 9 ára tímabili kr. 63 millj.

¹ Breytilegt er eftir deildum hversu marga þætti sveitarfélögin kosta af þeim sem taldir eru upp.

Dreifnámsdeild á Hvammstanga

Frá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Stofnuð árið 2013. Húnaþing vestra hefur greitt um 7 milljónir króna á ári með starfseminni. Samtals á 10 ára tímabili kr. 70 milljónir.

Dreifnámsdeild á Hólmavík

Frá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Stofnuð 2014. Greiðslur Strandabyggðar hafa numið frá 1-3,2 millj. króna á ári. Samtals á 9 ára tímabili tæplega 23 millj. króna.

Drefinámsdeild á Patreksfirði

Frá Framhaldsskóla Snæfellinga. Stofnuð 2007. Heildar greiðslur Tálknafjarðar og Vesturbyggðar hafa verið um 20 milljónir frá stofnun. Auk þess eru reknar almennings-samgöngur í hverjum nemendur eru kjarni notenda. Með þeim greiða sveitarfélögin 7,5 milljónir á ári ásamt þróunarstyrk frá Vegagerðinni og stuðningi frá atvinnulífi.

Miðað við framangreint er heildarkostnaður sveitarfélaga í Norðvesturkjördæmi á þeim tíma sem dreifnámsdeildirnar hafa verið starfræktar um 176 millj. króna².

Mikill vilji er til þess að deildirnar verði starfræktar áfram og þær efldar frekar en hitt. Þess er því óskað að hið opinbera mæti útgjöldum sveitarfélaganna í samræmi við framangreint til að jafnfræðis sé gætt og tækifæri ungmenna til náms í hinum dreifðari byggðum í kjördæminu séu tryggð.

² Fyrir utan kostnað Vesturbyggðar og Tálknafjarðar vegna reksturs almenningsgangna.